

5. gr.

Ef verðgildi eignanna, sem um getur í 1. gr., fer niður fyrir fjárhæð fjárskuldbindinga vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því ástandi án tafar.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað tímabundið að fjárskuldbindingar rafeyrisfyrirtækis skv. 1. mgr. vegna útistandandi rafeyris séu tryggðar með öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. gr., sem nemur að hámarki fjárhæð sem er í mesta lagi 5% af þessum skuldbindingum eða af samanlögðu eigin fé rafeyrisfyrirtækisins.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. september 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

AUGLÝSING

um skipulag í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi Skógarness, Furubyggð 23.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Skógarness vegna lóðarinnar nr. 23, við Furubyggð í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 4. september 2002.

Breytingin felst í því að heimilt er að byggja allt að 35 m² bílskúr á lóðinni, vegna landhalla er heimilt að hafa kjallara undir bílskúrnum.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2002.

Breytingin felst í því að íbúðum í Þverholti 19 fjölgar úr 2 íbúðum með möguleika á verslun/vinnustofu í 5 íbúðir. Framangreind lóð stækkar úr 622 m² í 704 m² og byggingarreitur er færður um 1,5 m til vesturs. Bílastæðum á lóð er fjölgað úr 4 í 5 stæði. Gönguleið milli lóða og hljóðmanar við Skeiðholt er færð að götu og göngustígur við Dalatanga tengdur við hana. Felld er niður gönguleið við Skeiðholt sunnan við götu. Hætt er við bílastæði samsíða innkeyrslu á torg og kvöð um gangstétt á lóðinni.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 17. september 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.